28 51. Barbara, Maria, Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
3. maí 52. Cyrilla, Maria, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
53. Elise, Maria, Reykjavík, fædd 21. okt. 1902 í Þýzkalandi.
54. Emerentia, Maria, Reykjavík, fædd 4. apríl 1906 í Þýzkalandi.
55. Felicia, Maria, Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
56. Gabrielle, Maria, Reykjavík, fædd 24. júní 1904 í Þýzkalandi.
57. Julitta, Maria, Reykjavík, fædd 25. sept. 1896 í Póllandi.
58. Monika, Maria, Hafnarfirði, fædd 2. maí 1908 í Þýzkalandi.
59. Pouline, Anne, Reykjavík, fædd 17. febr. 1911 í Þýzkalandi.
60. Remberta, Maria, Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
61. Xaveria, Maria, Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. maí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

29
3. maí

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. c-liðar 14. gr. laganna bætist nýr málsliður:

Enn fremur er þeim bátaútvegsmönnum, sem í árslok 1948 áttu í nýbyggingarsjóði lægri fjárhæð en kr. 25000.00 á skip, eða hafa á síðustu tveim árum tapað meiru á útgerðinni en svarar innieign þeirra í sjóðnum, heimilt að taka eign sína úr nýbyggingarsjóði og nota sem rekstrarfé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. maí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*